

ist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dómsþessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. nóv. 1915.

Nr. 43/1915

Kristján Jónasson

gegn

Birni Kristjánsyni

og Birni Sigurðssyni

bankastj. f. h. Landsbankans.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stjórn Landsbankans, hinir stefndu gegn áfrýjandanum Kristjáni Jónassyni og tveimur öðrum mönnum út af reikningslánssskuld, er Kristján Jónasson stóð í við Landsbankann samkv. lánsamningi dags. 5. maí 1905, og var lánið upprunalega samkvæmt samningi þessum 800 kr. Var málið sótt og rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur og lauk því með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 22. október f. á., að áfrýjandinn var in solidum með 2 öðrum mönnum dæmdur til að greiða hinum stefndu fyrir hönd Landsbankans eftirstöðvar lánsins, eins og þær þá töldust, 780 kr. 20 au. með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1913 til borgunardags og málskostnað að upphæð kr. 45.35. Gestaréttardómi þessum hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. júlí þ. á., og jafnframt úrskurði, uppkveðnum af

gestaréttinum undir rekstri málsins hinn 25. sept. f. á. og hljóðar úrskurður þessi svo: »Stefndum (o: áfrýjanda) er veittur frestur til vitnaleiðslu til 9. okt 1914 kl. 12 á hádegi«. Eru það kröfur áfrýjanda, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og gestaréttardómurinn jafnframt ónýttur, en til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði algjörlega sýknaður. Svo krefst hann og málskostnaðar að skaðlausu, hvernig sem málsúrslitin verða.

Af annari hálfu hafa hinir stefndu krafist þess, principaliter, að málinu verði vísað frá yfirdómi og in subsidium að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur, og að þeim verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi, hvernig sem málið fer.

Þar sem hinir stefndu halda því fram, að málinu skuli frá vísa að því er úrskurðinn snertir, af því að útrunninn sé áfrýjunarfresturinn fyrir hann, en áfrýjunin virðist, að þeirra áliti, fyrst og fremst eiga að gilda úrskurðinn, þá verður eigi á þetta fallist, því að svo framarlega áfrýjanda var opinn vegur til að áfrýja dóminum, gat hann og jafnframt áfrýjað úrskurðinum, en það er eigi vefengt, að hann hafi löglega getað áfrýjað dóminum.

Þá hafa stefndu krafist þess, að málinu verði frá vísað, með því að með stefnunni sé áfrýjað gestaréttardómi »uppkveðnum 20. okt. 1914«, en slíkur dómur liggi hér ekki fyrir. En þar sem áfrýjandinn hefir skýrt svo frá, að hann hafi samið stefnuna með hliðsjón af staðfestu dómseftirriti, þar er dóms-

uppsagnardagur hafði verið misskrifaður 20. okt. í staðinn fyrir 22. okt., og þetta er eigi vefengt af hinum stefndu, enda þeir látið mæta eftir stefnunni, þá þykir eigi ástæða til þess að frávísa málinu fyrir þessa sök.

Þá koma til álita réttarkröfur áfrýjanda, og þá fyrst krafan um ónýtingu úrskurðarins 25. seft. f. á. Áfrýjandi fór því þá fram fyrir gestaréttinum, er hann hafði stefnt vitnum til, þar á meðal málfærslumanni hins stefnda, að vísa skyldi málinu frá dómi, með því enginn mætti þá af hendi hinna stefndu, nema þessi málfærslumaður þeirra, en hann gæti eigi mætt bæði sem vitni og málsaðili eða umboðsmaður málsaðila. Á þetta verður þó eigi fallist, því áfrýjandi gat eigi með því að stefna umboðsmanninum sem vitni, gert hann óhæfan til þess að fara með málstað umbjóðenda sinna fyrir réttinum, enda varð þá ekkert af vitnaleiðslunni fyrir aðrar orsakir, sem sé þær, að vitnastefnan var ólögsmæt. — Þá vill áfrýjandi fá því framgengt, að áminstur úrskurður verði feldur úr gildi og honum hrundið, með því að honum hafi eigi nægt til vitnaleiðslu 14 daga frestur sá, er honum þá var veittur, en hann hafði beiðst mánaðarfrests, og heldur hann enn fast við þá kröfu. Hann hefir þó eigi fært nein nægileg rök fyrir því, að hinn veitti frestur hafi eigi getað verið honum nægilegur, enda verður eigi svo álitid, og getur þessi krafa hans því eigi orðið tekin til greina. Þá vill áfrýjandi láta ónýta gestaréttardóminn fyrir þá sök, að hvorugur málsaðila hafi undirskrifað réttarbókina (dómsmálabókina) í gestaréttarhaldinu 18. sept. 1914,

án þess þó að neinu leyti að vefengja að rétt hafi verið bókað, en þetta virðist eigi eiga að leiða til þess, að dómurinn sé ónýttur, enda geta legið til þess þau rök, að málsaðilar hafi farið úr réttinum, áður en bókun var lokið.

Að því er aðalefni málsins snertir, verður eftir málfærslunni að líta svo á, að áfrýjandi hafi kannast við, að hann hafi undirskrifað lánsamninginn 5. maí 1915, og þegið það lán hjá bankanum sem þar um ræðir, 800 kr. að upphæð, og með því að hann hefir eigi fært sönnur á, að hann hafi borgað meira upp í lánið, en hinir stefndu hafa viðurkent, og til greina er tekið við uppgerð þess, né heldur sannað, að nýir samningar hafi verið gerðir um lánið, sérstakur frestur veittur til greiðslu þess, eða á annan veg vikið frá hinum upprunalega samningi, en eftir honum er lánið alt með vöxtum og kostnaði fallið til borgunar, verður að fallast á það, að gestaréttardómurinn hefir tekið kröfur hinna stefndu til greina, og ber samkvæmt því að staðfesta nefndan dóm að því er hann tekur til áfrýjanda, þar með einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum getur áfrýjandi eigi komist hjá að verða skyldaður til að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfir dómi, er ákveðst 30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn skal vera óraskaður að því er hann tekur til áfrýjanda, Kristjáns Jónas-

sonar. Áfrýjandi greiði hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 30 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 15. nóvember 1915.

Nr. 20/1915:

Ágúst Gíslason  
gegn

Páli Sigurðssyni.

#### D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Ágúst Gíslason útvegsbóndi í Vestmannaeyjum, tók peningalán 22. nóv. 1912 í veðdeild Landsbankans, fyrir hönd og í umboði stefnda Páls Sigurðssonar öikumanns sama staðar, og greiddi lánsupphæðina að frádregnum kostnaði, kr. 933,50 inn í reikning stefnda við Edinborgarverzlun, samkvæmt ávísun dags. 16. nóv. 1912, er verzlunin hafði í höndum. Stefndi taldi þessa greiðslu til verzlunarinnar heimildarlausu, og lögsótti áfrýjanda fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu til að standa sér skil á lánsupphæðinni með 5% ársvöxtum frá 22. nóvember 1912 til greiðsludags, og urðu úrslit málsins þau með dómi aukaréttarins, uppkveðnum 9. janúar þ. á., að ef stefndi synjaði fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning í varnarþingi sínu,